

## FUNDARGERÐ

250. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 25. janúar 2023 og hófst kl. 16.15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Diljá Ámundadóttir, Mörður Áslaugarson, Þráinn Óskarsson, Sigurður Helgi Birgisson, Jón Ólafsson, Aron Ólafsson og Nanna Kristín Tryggvadóttir. Að auki sátu fundinn Valgeir Vilhjálmsson áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri og Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármála.

### 1. Fundargerð

Fundargerðar 249. stjórnarfundar var borinn upp og samþykkt.

### 2. Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti afkomu RÚV í nóvember. Tekjur voru 27 m.kr. hærrí en áætlun að mestu vegna góðrar auglýsingasölu í mánuðinum. Rekstrargjöld voru 17 m.kr. hærrí en áætlað hafði verið vegna viðbótardagskrángerðar og sérfræðikostnaðar. Fjármagnsliðir voru 36,8 m.kr. hærrí en gert hafði verið ráð fyrir vegna gengislækkunar krónunnar og verðbóta á LSR lánið.

Reksturinn frá janúar til nóvember sýnir 38 m.kr. neikvæða niðurstöðu og er það 77 m.kr. frávik frá áætlun. Helstu skýringar eru að þrátt fyrir tekjuaukningu vegna auglýsingasölu eru rekstrargjöld og sér í lagi fjármagnsliðir hærrí en áætlað var og skýrir það niðurstöðuna.

Þá var farið yfir breytingar á forsendum varðandi rekstraráætlun RÚV fyrir 2023. Við afgreiðslu rekstraráætlunar í desember 2022 var gerður fyrirvari um að óvissa um endanlegar þjónustutekjur RÚV 2023 hefði mikil áhrif á forsendur rekstraráætlunar. Með samþykkt fjárlaga fyrir 2023 skýrðist hver tekjustofninn verður og var því endanleg útfærsla á rekstraráætluninni kynnt fyrir stjórn. Endanleg áætlun gerir ráð fyrir heildartekjum 8,3 milljarða, rekstrargjöld 7,5 milljarða, afskriftum 377 m.kr. og fjármagnsliðum 386 m.kr. og 20 m.kr. jákvæðri afkomu. Rekstraráætlun 2023 var borinn upp og samþykkt samhljóða af stjórn.

### 3. Minnisblað útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri upplýsti stjórn um niðurstöðu mats Fjölmiðlanefndar á almannþjónustuhlutverki RÚV fyrir árið 2021. Fjallað er um þetta í ítarlegri skýrslu Fjölmiðlanefndar sem birt var fyrir í þessum mánuði. Niðurstaða nefndarinnar er að RÚV hafi sinnt menningarlegu, lýðræðislegu og samfélagslegu hlutverki sínu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum og þar með uppfyllt almannþjónustuhlutverk sitt árið 2021. Útvarpsstjóri gerði stuttlega grein fyrir afhendingu menningarviðurkenninga RÚV í byrjun janúar, en þar var tilkynnt um viðurkenningu rithöfundarsjóðs Ríkisútvarpsins, farið yfir heildarúthlutun úr Tónskáldasjóði RÚV og STEF, Rás 2 veitti Krókinn, viðurkenningu fyrir lifandi flutning og tilkynnt var um val hlustenda á orði ársins 2022. Viðburðurinn var í Efstaleiti og var útvarpað og sjónvarpað á RÚV 2.

Útvarpsstjóri upplýsti stjórn um niðurstöður tveggja dómsmála. Hið fyrra var niðurstaða héraðsdóms í svonefndu brúneggjamáli, en þar var Ríkisútvarpið sýknað af öllum kröfum stefnenda, sem jafnframt voru dæmdir til að greiða Ríkisútvarpinu 4 m.kr. í málskostnað. Hið seinna var niðurstaða félagsdóms í máli BÍ gegn SA fyrir hönd RÚV. Þar sneri álitaefnið að gildissviði kjarasamninga dagskrárgerðarfólks sem á aðild á BÍ. Ekki var fallist á kröfur BÍ í málinu að öðru leyti en því að staðfest var að BÍ fari með samningsaðild vegna dagskrárgerðarfólks í BÍ við gerð kjarasamninga. Fjallað er um þetta álitaefni í bókun með nýgerðum kjarasamningi BÍ við SA og málið sett í farveg.

MR  
MI  
SHTZ  
Jo  
AD  
po

Útvarpsstjóri upplýsti stjórn um skipan landsbyggðarhóps RÚV. Skipun hópsins er í samræmi við nýja stefnu RÚV og er hlutverk hans að vinna drög að stefnu og aðgerðum til þess að efla starfsemi á landsbyggðinni og um leið umfjöllun um málefni sem henni tengjast í öllum miðlum. Hópurinn mun fjalla um dagskrárgerð, fréttir, fjölgun útsendinga, störf án staðsetningar og starfs- og vinnustöðvar á landsbyggðinni og mun skila niðurstöðu sinni í maí nk.

Útvarpsstjóri fór að lokum yfir stöðu mála í viðræðum við ýmis félög rétthafa, þar á meðal STEF, SFH og IHM. Loks gerði hann stjórn grein fyrir undirbúningi RÚV vegna gerðar nýs þjónustusamnings, en gildandi samningur rennur út í árslok. Stjórnarmaður minnti á að sérstakur hópur stjórnar kom að málinu við gerð síðasta samnings og verður sami háttur hafður á þegar verkefnið verður komið lengra á veg. Að allra síðustu var vakin athygli á samantekt Valgeirs Vilhjálmssonar markaðsrannsóknarstjóra á notkun og áskriftum miðla.

#### 4. Stöðuyfirlit netöryggismála og dreifikerfi RÚV

Bragi Reynisson tækni- og öryggisstjóri gerði grein fyrir uppbyggingu og rekstri dreifikerfa RÚV og þeim breytingum sem orðið hafa á því sviði á undanförunum árum. Gerði hann stjórn m.a. grein fyrir breytingum sem fram undan eru á sviði útvarpsöryggissendinga, þegar FM útsendingar taka yfir sem útvarpsöryggissendingar af langbylgjunni. Jafnframt fór Bragi yfir stöðu netöryggismála hjá RÚV.

#### 5. Kynningar sviða: Framkvæmdastjóri fjármála, reksturs og tækni

Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdastjóri gerði grein fyrir helstu þáttum og áherslum hjá sviði fjármála, reksturs og tækni.

#### 6. Önnur mál

Stjórnarmaður gerði að umtalsefni að hlutverk RÚV á sviði fréttaflutnings yrði sífellt mikilvægara vegna þeirra breytinga sem orðið hefðu á undanförunu hjá öðrum fjölmiðlum. Því væri vandaður fréttaflutningur RÚV enn mikilvægari en áður og kallaði eftir upplýsingum um menntun og bakgrunn fréttamanna RÚV og hvort tryggt væri að þeir hefðu nægilega fjölbreyttan menntunargrunn t.d. á sviði lögfræði, viðskiptafræði og tölvunarfræði. Teknar verða saman upplýsingar um þetta.

Stjórnarmaður varpaði fram þeirri spurningu hvort komið hefði til umræðu af hálfu RÚV að bregðast við þeirri stöðu að umræða stjórnmalaleiðtoga á gamlársdag hefði verið í lokaðri dagskrá. Útvarpsstjóri upplýsti að þetta hefði ekki verið sérstaklega skoðað, en RÚV sinnt sínu lýðræðislega hlutverki m.a. með viðtölum við pólitíska leiðtoga við áramót.

Upplýst var um greiðslur til pistlahöfunda í útvarpi á Rás 1 og Rás 2, í kjölfar fyrirspurnar stjórnarmanns um málið. Greiðslur til pistlahöfunda eru frá 10.000 kr. og upp í 25.000 kr., og fer greiðsla eftir umfangi hverju sinni. Hæstu greiðslurnar eru fyrir gagnrýni, t.d. leiklistargagnrýni.

Farið var yfir að beiðni stjórnarmanns hvernig staðið hefði verið að greiðslum til listamanna í tengslum við gerð síðasta áramótaskaups, í kjölfar fjölmiðlaumræðu um málið að undanförunu. Útvarpsstjóri upplýsti að farið hefði verið yfir málið með framleiðendum skaupsins og hlutaðeigandi stéttarfélagi, til að ganga úr skugga um að allt væri í samræmi við samninga, kröfur og skuldbindingar RÚV samkvæmt þjónustusamningi.

Stjórnarmaður spurðist fyrir um ástæðu þess að tilgreindir fréttar- og fréttaskýringarþættir væru ekki á dagskrá yfir sumarmánuðina. Útvarpsstjóri upplýsti að það væri m.a. vegna kostnaðar.

Jó Að  
DR2 þö -  
SUB  
SOU  
NA

Stjórnarmaður spurðist fyrir um sýningar á leikjum á HM í handbolta á netinu. Ekki var talin ástæða til að sýna alla leiki í undan- og milliriðlum, en allir leikir í átta liða úrslitum og áfram verða ýmist í beinni útsendingu á RÚV, RÚV 2 eða netinu.

Fundi slítið kl. 19.00

Silja D. Gunnarsdóttir  
Lafabólur Laubmélshlíu  
Þæin Óskara

Targró Þryggvæð.

Sigurður H. Reginsson

Áur  
Mósa

Silja Amundsd. 2.

Jón Ólafsson

Nanna Kristín Þryggvæð